



Grunnskóli Hornafjarðar

Starfsáætlun

Handbók nemenda og foreldra
2011 - 2012



Sími 470 8400

www.rikivatnajokuls.is/grunnskoli

Skóladagatal 2011 - 2012

Nafn skóla: **Grunnskóli Hornafjarðar**

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1. Mítingar venjulegna	1. F.	1. L.	1. L.	1. P.	1. F.	1. S.	1. M.	1. F.	1. S.	1. M.	1. F.
2. Þ.	2. F.	2. S.	2. S.	2. M.	2. F.	2. M.	2. F.	2. F.	2. M.	2. M.	2. L.
3. Mí.	3. L.	3. M.	3. M.	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. L.	3. Þ.	3. F.	3. S.
4. F.	4. S.	4. Þ.	4. Þ.	4. F.	4. S.	4. M.	4. L.	4. S.	4. M.	4. F.	4. Mítingarsdagur
5. F.	5. M.	5. M.	5. L.	5. L.	5. M.	5. F.	5. S.	5. M.	5. F.	5. L.	5. Þ.
6. L.	6. F.	6. F.	6. F.	6. S.	6. Þ.	6. F.	6. M.	6. Þ.	6. F.	6. S.	6. Mítingarsdagur
7. S.	7. M.	7. F.	7. F.	7. M.	7. Þ.	7. L.	7. Þ.	7. M.	7. M.	7. S.	7. F.
8. Mí.	8. F.	8. L.	8. L.	8. Þ.	8. F.	8. S.	8. M.	8. F.	8. S.	8. Þ.	8. F.
9. Þ.	9. F.	9. F.	9. F.	9. M.	9. F.	9. M.	9. F.	9. F.	9. Mítingar ískólin	9. M.	9. L.
10. Mí.	10. L.	10. L.	10. L.	10. F.	10. L.	10. Þ.	10. F.	10. L.	10. F.	10. F.	10. S.
11. F.	11. S.	11. M.	11. Þ.	11. F.	11. S.	11. M.	11. L.	11. S.	11. M.	11. F.	11. M.
12. F.	12. M.	12. M.	12. L.	12. L.	12. M.	12. F.	12. S.	12. M.	12. L.	12. L.	12. Þ.
13. L.	13. Þ.	13. Þ.	13. Þ.	13. S.	13. Þ.	13. F.	13. M.	13. Þ.	13. F.	13. S.	13. M.
14. S.	14. F.	14. F.	14. M.	14. M.	14. M.	14. L.	14. Þ.	14. L.	14. L.	14. M.	14. F.
15. F.	15. Þ.	15. L.	15. Þ.	15. Þ.	15. F.	15. S.	15. M.	15. F.	15. S.	15. Þ.	15. F.
16. Þ.	16. Mítingar ískólun	16. F.	16. L.	16. Mítingar ískólun	16. F.	16. M.	16. F.	16. F.	16. M.	16. M.	16. L.
17. Mítingarsdagur	17. L.	17. M.	17. L.	17. F.	17. L.	17. Þ.	17. F.	17. L.	17. F.	17. F.	17. S.
18. F.	18. S.	18. M.	18. F.	18. F.	18. S.	18. M.	18. L.	18. S.	18. M.	18. F.	18. M.
19. F.	19. Mítingarsdagur	19. L.	19. L.	19. M.	19. Mítingar ískólun	19. F.	19. S.	19. M.	19. F.	19. F.	19. Þ.
20. L.	20. Þ.	20. F.	20. F.	20. S.	20. Þ.	20. F.	20. Mítingarsdagur	20. Þ.	20. F.	20. S.	20. M.
21. S.	21. Mítingarsdagur	21. M.	21. M.	21. Mítingarsdagur	21. F.	21. M.	21. Mítingarsdagur	21. M.	21. L.	21. M.	21. F.
22. Þ.	22. F.	22. L.	22. Þ.	22. Þ.	22. F.	22. S.	22. Mítingarsdagur	22. F.	22. S.	22. Þ.	22. F.
23. Þ.	23. Mítingarsdagur	23. F.	23. M.	23. M.	23. F.	23. M.	23. F.	23. F.	23. M.	23. M.	23. L.
24. L.	24. Mítingarsdagur	24. F.	24. F.	24. F.	24. L.	24. M.	24. F.	24. L.	24. Þ.	24. F.	24. S.
25. F.	25. S.	25. F.	25. F.	25. F.	25. S.	25. M.	25. L.	25. S.	25. F.	25. F.	25. M.
26. M.	26. M.	26. M.	26. L.	26. L.	26. M.	26. L.	26. L.	26. F.	26. L.	26. L.	26. Þ.
27. L.	27. Þ.	27. F.	27. F.	27. S.	27. Þ.	27. F.	27. M.	27. Þ.	27. F.	27. S.	27. M.
28. S.	28. M.	28. F.	28. M.	28. M.	28. M.	28. L.	28. Þ.	28. M.	28. L.	28. Mítingar ískólun	28. F.
29. M.	29. Þ.	29. F.	29. F.	29. F.	29. F.	29. S.	29. M.	29. F.	29. Þ.	29. Þ.	29. F.
30. Þ.	30. F.	30. S.	30. F.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M.	30. F.	30. M.	30. M.	30. L.
31. Mí.	31. L.	31. M.	31. L.	31. F.	31. L.	31. Þ.	31. F.	31. L.	31. F.	31. F.	31. L.

Sambærnt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Efnisyfirlit

Grunnskóli Hornafjarðar	4
Starfsáætlun - skólanámskrá	4
Nám og kennsla	5
Heimasíða og handbók	5
Skólastjórar.....	6
Deildarstjóri sérkennslu.....	6
Starfsmenn	6
Opnunartími skólans	7
Veikindi, leyfi og fjarvistir nemenda	8
Veikindi	8
Leyfi nemenda	8
Ófærð	9
Tapað – fundið	9
Skólaakstur og biðtími	9
Kátakot, lengd viðvera	10
Tónskóli	10
Heilsueflandi skóli	10
Uppeldi til ábyrgðar	11
Forvarnarstefna	11
Frimínútur	12
Mataræði	12
Stoðþjónusta	13
Nemendaverndarráð	13
Skólahjúkrunarfræðingur og heilsugæsla	13
Námsráðgjöf	14
Smiðjur og val	15
Heimanám	15
Meðferð bóka	15
Skólabókasafn	16
Gögn sem nemendur þurfa að kaupa	16
Símar, tölvur og tölvunotkun	17
Samræmd próf	17
Viðtöl og vitnisburður	18
Skólasetning og kynningarfundir	18
Utivistarreglur barna og unglinga	19
Svefn og svefnþörf barna	19
Skólaráð	20
Foreldrafélag	20
Félags-og tómstundastörf	21
Nemendafélag	21
Félagsmiðstöðin Þrykkjan	22
Vettvangsnám og skólaferðalög	23
Þrautir og keppnir	24
Legokeppnin First LEGO League	24
Nýsköpunarkeppnin	24
Skólahreysti	24
Stóra upplestrarkeppnin	25
Foreldrasýningar	25
Brúum bilið – samskipti Grunnskólans við leikskóla og FAS	26
Samstarf við foreldra og f rráðamenn	26
Skólareglur í Grunnskóla Hornafjarðar	27
Almennar reglur	27
Viðbrögð ef út af bregður	28
Öryggisreglur	28
Viðbrögð ef út af bregður	28
Reglur vegna óhappa, slysa og skemmda í Grunnskóla Hornafjarðar	29
Punktakerfi	30
Eineltisáætlun Grunnskóla Hornafjarðar	30
Bekkjjarlistar	31
Gagnleg símanúmer	44

Grunnskóli Hornafjarðar

Menntamálaráðuneytið hefur nú gefið út nýja aðalnámskrá grunnskóla. Hún leggur til þá menntastefnu sem unnið er eftir í skólanum. Menntastefnan er byggð á sex grunnþáttum: Læsi í viðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð, menntun til sjálfbærni og sköpun. Í skólanum er nú þegar margt unnið í anda þessara gilda og verður lögð enn meiri áhersla á að nálgast alla vinnu í anda þeirra.

Á síðasta vetri voru ný kjörorð fyrir skólann valin af nemendum, starfsfólki og foreldrum. Kjörorðin eru virðing, metnaður, vinátta, frelsi og jákvæðni. Þau eru grunnurinn í stefnumótun skólans og er þeim ætlað að fanga þann starfsanda sem við viljum sjá í skólanum. Nú þegar hafa nemendur og starfsmenn unnið að því að skilgreina hvernig þeir vilja sjá kjörorðin birtast í skólaumhverfinu og starfinu öllu.

Áfram verður unnið með eftirfarandi þætti: heilsueflandi grunnskóla, eflingu einstaklingsmiðunar og samskipta og uppeldisstefnu skólans, *Uppeldi til ábyrgðar*. Þessir þættir hafa fest rætur í skólastarfinu en þá þarf að rækta áfram til þess að þeir nái að festa sig í sessi og skila tilætluðum árangri. Þessir þrír þættir, heilsueflandi grunnskóli, einstaklingsmiðun og uppeldi til ábyrgðar falla einkar vel að bæði grunnildum menntunar og kjörorðum skólans.

Gott samstarf milli allra aðila skólasamfélagsins, starfsfólks, nemenda og foreldra er öflugasta leiðin til að koma auga á leiðir og lausnir. Með samstarfsviljann og lýðræðisleg vinnubrögð í farteskinu er hægt að gera góðan skóla enn betri. Við óskum nemendum, starfmönnum og foreldrum góðs og árangursríks vetrar.

Hulda Laxdal Hauksdóttir og Þórgunnur Torfadóttir, skólastjórar

Starfsáætlun - skólanámskrá

Í grunnskólalögum frá 2008 er kveðið á um að hver skóli skuli einnig gefa út starfsáætlun fyrir hvert ár. Í starfsáætlun skal kveðið á um helstu atriði skólastarfsins og hvað skuli kennt í hverjum árgangi fyrir sig. Starfsáætlun skólans birtist í heild sinni á heimasíðu skólans en þessi handbók, sem einnig birtist þar er stór hluti hennar. Námsáætlanir munu birtast á heimasíðu skólans og á www.mentor.is í upphafi skólaárs.

Skólanámskrá er aðalstjórnunartæki hvers skóla fyrir sig. Skólanámskráin er tvískipt, annars vegar almennur hluti en hins vegar bekkjarnámskrá. Skólanámskráin er ekki gefin út því hún er í sífelldri endurskoðun. Hún er hins vegar birt í heild sinni á heimasíðu skólans. Þeir sem vilja koma á framfæri ábendingum varðandi skólanámskrána eru beðnir að gera það með því að hafa samband við stjórnendur skólans eða umsjónarkennara.

Nám og kennsla

Nám og kennsla er mikilvægasti þáttur skólastarfsins. Á þeim 10 árum sem barn sækir grunnskóla þroskast það mikið og þarf að læra margt. Það er því mikilvægt að nýta tímann vel. Nám er margs konar og mikilvægt að gera ekki upp á milli námsgreina. Hvers konar handið, listir, félagsfærni og íþróttir eru jafnmikilvægar og bóklegar greinar. Fyrstu skólaárin er þó lögð mikil áhersla á að nemendur tileinki sér lestur, skrift og undirstöðuatriði stærðfræði því á þessum námsgreinum byggir annað nám á einn eða annan hátt.

Í skólanum er lögð áhersla á einstaklingsmiðun og hópvinnu. Talið er að með því verði best komið til móts við þarfir hvers nemanda þannig að hann hafi sem mest gagn af skólagöngunni. Með einstaklingsmiðun er hægt að sinna sterkum hliðum hvers einstaklings betur en ella og draga fram kosti hans.

Eins og gefur að skilja eru mörg verkefni sem glíma þarf við á 10 ára skólagöngu og misjafnt hversu vel tekst að vinna þau með nemandanum. Til að sem bestur árangur náist skiptir samstarf heimilis og skóla sköpum og mikilvægi gagnkvæms trausts verður aldrei ofmetið. Lestrarkennsla fer t.a.m. aðallega fram í skólanum en þjálfunin á sér að mestu stað heima. Áhugi á námi barnsins og jákvætt viðhorf á heimili til skólagöngunnar eru líkleg til að skila sér í betra gengi nemandans í skólanum. Hið sama má segja um áhuga og viðhorf kennara til nemanda.



Heimasíða og mentor

Handbókin hefur að geyma ýmsar gagnlegar upplýsingar um helstu þætti skólastarfsins s.s. skóladagatal, skólareglur og margt fleira. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að kynna sér handbókina vel og ræða efni hennar þannig að þeir verði sem best upplýstir um skólastarfið.

Hagnýtar upplýsingar um skólann sem ekki er að finna hér má nálgast á heimasíðu skólans www.rikivatnajokuls.is/grunnskoli.

Mentor er öflugt tæki til að auka samvinnu heimilis og skóla. Foreldrar og nemendur hafa aðgang að Mentor og hafa lykilorð að kerfinu. Þar má nálgast ýmsar upplýsingar m.a. heimavinnu- og námsáætlanir, ástundun og einkunnir. Eins geta nemendur í samstarfi við foreldra sett þar inn upplýsingar. Ef lykilorðið hefur glatast er unnt að nálgast nýtt í skólanum.

Skólastjórar

Hulda Laxdal Hauksdóttir	skólastjóri	470 8440	hulda@hornafjordur.is
Pórgunnur Torfadóttir	skólastjóri	470 8420	thorgunnur@hornafjordur.is

Deildarstjóri sérkennslu

Pórhildur Kristjánsdóttir		470 8441	thorhildur@hornafjordur.is
---------------------------	--	----------	----------------------------

Starfsmenn

Aðalbjörg Baldvinsdóttir	allab@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Ágústína Halldórsdóttir	gusta@hornafjordur.is	sérkennsla
Ásthildur Gísladóttir	asthildurg@hornafjordur.is	skólalíði
Berglind Steinþórsdóttir	berglinds@hornafjordur.is	umsjónarkennari 10. B
Birna Aðalsteinsdóttir	birna@hornafjordur.is	heimilisfræðikennari
Björn Sigfínnsson	bjorns@hornafjordur.is	umsjónarkennari 7. B
Bryndís Bragadóttir	bryndisb@hornafjordur.is	skólalíði
Eiríkur Hansson	eirikur@hornafjordur.is	smíðakennari
Elsa Gerður Hauksdóttir	elsag@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Erlendur Már Antonsson	erlendura@hornafjordur.is	bókasafnsvörður
Erna Gísladóttir	ernag@hornafjordur.is	umsjónarkennari í 4. E
Eva Ósk Eiríksdóttir	evao@hornafjordur.is	myndmenntarkennari
Eva Rán Ragnarsdóttir	evar@hornafjordur.is	umsjónarkennari 7. E
Eygló Illugadóttir	eyglo@hornafjordur.is	sérkennsla
Guðbjörg Stefánsdóttir	gudbjorgs@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Guðlaug Úlfarsdóttir	gulla@hornafjordur.is	umsjónarkennari 8. G
Guðmundur Ingi Sigbjörnsson	gudmundur@hornafjordur.is	dönskukennari
Guðný Klara Böðvarsdóttir	gudnyb@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Guðrún Ingimundardóttir	gunnai@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Halldóra Guðmundsdóttir	halldora@hornafjordur.is	umsjónarkennari 4. H
Heiður Sigurðardóttir	heidurs@hornafjordur.is	skólalíði
Helga Guðnadóttir	helgag@hornafjordur.is	stuðningsfulltrúi
Herdís Tryggvína Tryggvadóttir	herdist@hornafjordur.is	umsjónarkennari 3. HS
Hulda Laxdal Hauksdóttir	hulda@hornafjordur.is	skólastjóri
Ingibjörg Ragnarsdóttir	daddar@hornafjordur.is	skólaritari
Ingibjörg Sveinsdóttir	ingibjorgs@hornafjordur.is	umsjónarkennari 8. I
Jenny Viborg Gunnarsdóttir	jennyvg@hornafjordur.is	matráður
Kristín G. Gestsdóttir	kristinge@hornafjordur.is	umsjónarkennari 9. K
Kristín Jóhannesdóttir	kristinj@hornafjordur.is	tónmenntarkennari
Kristján Sigurður Guðnason	kristjang@hornafjordur.is	heimilisfræðikennari
Kristján Örn Ebezarson	kristjane@hornafjordur.is	stærðfræði og tölvur
Lena Hrönn Marteinsdóttir	lenam@hornafjordur.is	námsráðgjafi
Magnhildur Björk Gísladóttir	magnhildur@hornafjordur.is	umsjónarkennari 5. M
Nanna Dóra Ragnarsdóttir	nanna@hornafjordur.is	umsjónarkennari 9. N

Nihad Hasecic
Ragnhildur Einarsdóttir
Rannveig Sverrisdóttir
Rósa Áslaug Valdimarsdóttir
Sigrún Ingvadóttir
Sigríður Arna Ólafsdóttir
Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir
Sigurborg Jóna Björnsdóttir
Sigurður Þorbjörn Magnússon
Styrgerður H. Jóhannsdóttir
Sædis Ósk Guðmundsdóttir
Sævar Þór Gylfason
Tova Flórentína Óskarsdóttir
Vilhjálmur Magnússon
Þorvaldur Jón Viktorsson
Þóra Jóna Jónsdóttir
Þórdís Þórsdóttir
Þórgunnur Torfadóttir
Þórhildur Ásta Magnúsdóttir
Þórhildur Kristjánsdóttir

sober@hornafjordur.is
ragnhildur@hornafjordur.is
rannveigs@hornafjordur.is
rosav@hornafjordur.is
signyi@hornafjordur.is
sigridur@hornafjordur.is
sigruno@hornafjordur.is
sigurborgb@hornafjordur.is
sigurdurm@hornafjordur.is
styrgerdur@hornafjordur.is
saedis@hornafjordur.is
saevar@hornafjordur.is
florentina@hornafjordur.is
vilhjalmurm@hornafjordur.is
thjv@hornafjordur.is
nona@hornafjordur.is
thordisth@hornafjordur.is
thorgunnur@hornafjordur.is
thorhildurm@hornafjordur.is
thorhildur@hornafjordur.is

skólaliði
umsjónarkennari 6. RE
skólaliði
umsjónarkennari 6. RV
stuðningsfulltrúi
umsjónarkennari 2. SS
umsjónark. 1. SP og 2. SS
íþróttak. í 7. - 10. bekk
stærðfr.- og tölvukennsla
umsjónarkennari 3. HS
sérkennsla
íþróttak. í 1. - 6. bekk
skólaritari
myndm- og tölvukennsla
sérkennari
þroskaþjálfari
umsjónarkennari 1. SP
skólastjóri
textílkennsla
deildarstjóri sérkennslu



Opnunartími skólans

Skólinn er opnaður kl. 7.50 á morgnana. Kennsla hefst kl. 8:10 en nemendur mega koma inn strax og skólinn er opnaður. Í Hafnarskóla ber þeim að vera í sinni heimastofu í ró og næði vilji þeir vera inni. Í Heppuskóla biða nemendur í opnu rými á neðri hæð skólans. Verði misbrestur þar á er starfsfólki skólans heimilt að vísa nemendum út úr skólanum og jafnvel banna þeim að koma inn á morgnana í ákveðinn tíma.

Skólinn er opinn til kl. 15:30 á daginn en eftir það gæti þurft að hringja dyrabjöllu til að komast inn. Starfsmenn skrifstofu skólans eru þær Tova Florentína Óskarsdóttir og Ingibjörg Lúccía Ragnarsdóttir.

Sími skólans 470 8400
Skrifstofa skólans skrifstofagrunnsk@hornafjordur.is.

Veikindi, leyfi og fjarvistir nemenda

Skólaganga nemenda er á ábyrgð foreldra og forráðamanna sbr. m.a. 19. grein grunnskólalaga. Það eru því þessir aðilar sem bera ábyrgð á að nemandinn mæti í skóla samkvæmt stundaskrá með þau gögn sem hann þarf að nota.

Veikindi

Foreldrum ber að tilkynna veikindi barns **á hverjum degi sem veikindin standa**. Foreldrar geta skráð veikindaforföll barna sinna á sínu aðgangssvæði á mentor. Tíð veikindi nemenda geta leitt til þess að leitað verði eftir frekari skýringum og leiðum til úrbóta. Slíkt er gert í samráði við og undir stjórn skólahjúkrunarfræðings. Ef nemandi er veikur í einhvern tíma verða foreldrar að meta hvort hann getur lært í veikindunum og nálgast þeir þá námsefni handa barni sínu. Ef um langvarandi veikindi eða sjúkrahúslegu er að ræða eru málin leyst í samvinnu heimilis og skóla.

Sérstaklega er áriðandi að nemendur í dreifbýli láti bílstjóra vita um forföll svo ekki sé um óþarfa akstur að ræða.

Leyfi nemenda

Forráðamenn geta sótt um leyfi 1 - 4 daga símleiðis til umsjónarkennara eða skólustjórnanda. Öll leyfi eru á ábyrgð forráðamanna og er skólanum ekki skylt að gera sérstakar ráðstafanir vegna þess en sjálfsagt er að reyna að koma til móts við fólk eins og hægt er.

Sé óskað eftir leyfi fyrir nemanda í 5 daga eða lengur skal sótt um það á sérstöku eyðublaði sem er að finna á heimasíðu skólans www.rikivatna-jokuls.is/grunnskoli/efni/eydublod. Hafa ber í huga að skólaganga er fullt starf sem krefst einbeitingar og góðrar mætingar.

Æskilegt er að fjarvistum nemenda vegna ferðalaga eða annarra erinda sé haldið í lágmarki því að erfitt getur reynst að bæta upp það sem tapast úr námi. Þess er óskað að nemendur og forráðamenn þeirra reyni að skipuleggja ferðir þannig að nemendur verði sem minnst fjarverandi úr skólanum.



Ófærð

Að fella niður kennslu vegna veðurs er neyðarúrræði. Komi ekki tilkynning frá skólanum um slíkt en veðurútlit er slæmt verða foreldrar að meta hvort ástæða sé til að halda börnum sínum heima. Slík forföll ber að tilkynna eins og önnur forföll. Ef óveður skellur á meðan á skóla stendur þurfa foreldrar að sækja börn sín eða tryggja heimför þeirra á annan hátt.

Tapað – fundið

Foreldrar eru hvattir til að merkja vel fatnað barna sinna, ekki síst yfirhafnir, húfur og vettlinga. Í skólanum safnast oft fyrir nokkuð af óskilamunum og á hverju ári er töluvert magn af fatnaði gefið til RKÍ, oft nýlegur fatnaður sem enginn kannast við að eiga og er ómerktur. Foreldrar og nemendur eru hvattir til að fara reglulega yfir óskilamuni sem hægt er að nálgast á hvoru skólástigi fyrir sig og í íþróttahúsi og sundlaug. Nemendur eru oft á tíðum með myndavélar, síma og önnur tæki með sér í skólanum. Slíkt er óæskilegt. Skólinn tekur enga ábyrgð á þessum tækjum og eru þau alfarið á ábyrgð nemenda og foreldra. Tapist eignir nemenda eða skemmist er foreldrum bent á að hafa samband við tryggingarfélag sitt og athuga hvort það bætir tjónið.



Skólaakstur og biðtími

Nemendur úr dreifbýli eru sóttir heim á bæi. Mikilvægt er að foreldrar láti bílstjóra vita ef nemandi í akstri mætir ekki í skólann.

Kennslu í 1. – 4. bekk lýkur kl. 13:30 og kennslu í 5. og 6. bekk lýkur kl. 14:10. Kennslu í 7. – 10. bekk lýkur kl. 14:30 nema föstudaga lýkur kennslu kl. 14:10. Skólaakstur í dreifbýli hefst um leið og kennslu lýkur en síðustu bílar fara frá skólanum kl. 14:35. Á biðtíma nemenda er gæsla, nemendur í 1. – 4. bekk eru í Kátakoti sem er heilsdagsvistun skólans. Eldri nemendur bíða í skólanum. Á biðtíma býðst nemendum að sinna heimanámi, tónskóla og tómstundum eftir því sem við á.

Nemendur á Höfn eru hvattir til að koma á hjólum í skólann meðan birta og færð leyfa en minnt er á hjálmanotkun og mikilvægi endurskinsmerkja. Nemendum ber að nota öryggisbelti í skólaakstri. Samskipti í skólabílnum skulu grundvallast á almennri kurteisi og tillitssemi og ber nemendum að hlýða bílstjórum. Að öðru leyti er vísað til skólareglna.

Kátakot, lengd viðvera

Boðið er upp á vistun fyrir nemendur í Kátakoti en þar geta nemendur í 1. – 4. bekk dvalið frá kl. 13:30 – 16:00. Þar fá nemendur tækifæri til að vera í heimilislegu umhverfi, fást við fjölbreytta dægradvöl og slaka á eftir eril dagsins. Þar gefst þeim einnig færi á að sinna heimanámi, þeir fá hressingu og geta farið í ýmsar tólmstundir í íþróttahúsi, sundlaug og tónskóla. Beinn sími í Kátakoti er 470-8448. Skráning í Kátakot fer fram á staðnum eða hjá ritara. Hægt er að nálgast eyðublöð og frekari upplýsingar um Kátakot á heimasíðu skólans, www.rikivatnajokuls.is/grunnskoli/efni/vidvera/.

Tónskóli

Tónskólinn starfar í nánú samráði við Grunnskólann. Í 2. og 3. bekk fá nemendur m.a. kennslu á blokkflautu. Einnig er reynt að hliðra til fyrir nemendum í dreifbýli og þeim sem lengst eiga að þannig að þeir geti sótt a.m.k. hluta af tónskólanámi sínu á skólatíma. Í 10. bekk geta nemendur haft nám í Tónskólanum sem valgrein.



Heilsueflandi skóli

Í nútímaþjóðfélagi er sífellt meiri áhersla lögð á heilsueflingu og heilsusamlegt lífni. Andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði er öllum mikilvægt og ein af forsendum vellíðunar, ánægju og hamingju. Í grunnskólanum er lögð áhersla á fræðslu sem stuðlar að almennu heilbrigði. Undir það fellur lífsleiknikennsla í öllum árgöngum, íþróttir, líffræði og svo mætti lengi telja. Forvarnarstarf er hluti af þessari fræðslu. Umsjónarkennarar í 1. – 6. bekk eru hvattir til að taka einn útivistartíma á viku þar sem lögð er áhersla á hreyfinguna eina sér eða í tengslum við aðrar námsgreinar. Á unglíngastigi er boðið upp á aukið val í útivist og hreyfingu. Yfir veturinn eru íþróttadagar sem ganga út á hreyfingu ýmist í formi keppni eða leikja.

Uppeldi til ábyrgðar

Í grunnskólanum er unnið út frá uppeldistefnu sem nefnd er *Uppeldi til ábyrgðar* (restitution). Með henni er reynt að efla ábyrgð nemenda á sínu eigin lífi, hvort sem er námslega eða félagslega og stuðla að því að þeir læri að taka ábyrgð á því. *Uppeldi til ábyrgðar* er heildstæð uppeldisstefna þar sem nemendur læra að þekkja þarfir sínar og hvernig þeir geta brugðist við þegar þeim er ekki fullnægt. Öryggi er lagt til grundvallar í þessari uppeldisstefnu þar sem öðrum þörfum verður ekki fullnægt nema það sé til staðar. Öryggi nemenda er tryggt í skólareglum. Séu öryggisreglur brotnar þarf viðkomandi að sæta viðurlögum. Um leið og *Uppeldi til ábyrgðar* stuðlar að aukinni ábyrgð einstaklingsins á eigin lífi eykur það líkurnar á andlegri vellíðan, ánægju og hamingju.

Forvarnarstefna

Forvarnarstefna Grunnskóla Hornafjarðar byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Einn veigamesti þáttur í forvarnarvinnu skólans er fræðsla og samvinna við foreldra auk hugmyndafræði *Uppeldis til ábyrgðar*. Tilgangur stefnunnar er meðal annars að ýta undir sjálfsaga og þá tilfinningu að hver og einn beri ábyrgð á eigin líðan og hegðun, viðurkenni mistök og læri að leiðrétta þau á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þá er lögð rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Grunnskóli Hornafjarðar starfar einnig í anda Heilsueflandi grunnskóla. Í heilsueflandi skóla er hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks, sem og umhverfi skólans í góðri samvinnu við heimilin og nærsamfélag skólans.

Markmið með forvörnum er að:

- stuðla að öflugum foreldrasamstarfi
- stuðla að heilbrigðum lífsháttum
- stuðla að jákvæðri sjálfsmynd og lífssýn
- styrkja félagsfærni
- efla og styrkja nemendur í eigin námi á þeirra forsendum
- efla virðingu einstaklingsins fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu sínu.

Leiðir að markmiðum:

- Fræðsla til foreldra/forráðamanna þar sem meðal annars er lögð áhersla á geðrækt (tilfinningaleg heilsa og vellíðan), útvistartíma, ábyrga tölvunotkun, hegðun, viðhorf, hollustu og heilbrigði, tóbaks- og vímuefnavarnir og fordóma.
- Stuðla og hvetja til eftirlits og eftirfylgni foreldra/forráðamanna varðandi skólagöngu og heimanám.
- Hvetja til heilsuræktar, geðræktar og jákvæðs lífsstíl meðal nemenda.
- Fræðsla til starfsfólks skólans.
- Fræðsla til nemenda skólans samkvæmt forvarnaráætlun skólans.
- Starfsfólk grunnskólans sameinast um að vinna eftir forvarnar-áætlun sem sett hefur verið upp.

Frímínútur

Í 1. – 6. bekk fara allir nemendur út í öllum frímínútum og því er lögð áhersla á að þeir komi klæddir í samræmi við veður. Má þar minna á að regngalli er nauðsynlegur hlífðarfátnaður hverju hornfirsku barni. Nemendur eru hvattir til að nýta sér skólalóðina til hreyfingar og leikja og koma með bolta, sippubönd og annað sem stytt getur stundir og aukið ánægju í frímínútum.

Í 7. – 10. bekk mega nemendur vera inni í frímínútum svo framarlega sem þeir sýna tillitsemi og kurteisi í umgengni en þeir eru þó hvattir til útiveru og hreyfingar. Aðstaða við Heppuskóla er mjög góð, þar er knattspyrnuvöllur, körfuknattleiksvöllur og hjólarampar og stutt er í frjálsíþróttavöllinn og grasblakvöllinn undir Fiskhólnum.

Mataræði

Í skólanum er lögð áhersla á heilsusamlegt mataræði. Þar er boðið upp á hádegismat og ávaxtabita í nestistímanum að morgni gegn ákv. gjaldi. Skóladagurinn er langur og mikilvægt að matartíminn sé einnig ákveðin hvíldarstund því nauðsynlegt er að hafa úthald allan daginn til þess að skólagangan nýtist sem skyldi.

Áhersla er lögð á að þeir nemendur sem ekki eru í mat hafi með sér hollt og gott nesti. Ekki er leyfilegt að koma með sætabrauð, sælgæti og sæta drykki í skólann. Kennarar reyna að hafa áhrif á nemendur og ræða við þá um mikilvægi hollrar og góðrar næringar en ábyrgðin er þó fyrst og fremst foreldra. Upplýsingar um matseðla og kostnað má finna á heimasíðu skólans <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolamaltidir/>.

Stoðþjónusta

Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með stoðþjónustu skólans. Starfsfólk stoðþjónustunnar starfar með sérfræðingum utan og innan skólans og markmiðið er að gera þjónustu við börn með sérþarfir eins heildstæða og góða og kostur er.

Skólinn nýtur þjónustu talmeinafræðings og skólasálfræðings auk þess að vera í samstarfi við ýmsa aðra greiningar- og meðferðaraðila. Nánari upplýsingar um stoðþjónustu má finna á heimasíðu skólans <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/thjonusta/>.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfandi við skólann og deildarstjóri sérkennslu sér um að boða til funda. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma innan hvers skóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðiþjónustu, námsráðgjöf og skólaheilsugæslu. Nemendaverndarráð hefur samráð við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda ef þurfa þykir.



Skólahjúkrunarfræðingur og heilsugæsla

Skólahjúkrunarfræðingur kemur í skólann einu sinni til tvisvar í viku. Þeir tímar eru auglýstir á heimasíðu skólans ásamt nánari upplýsingum um starfssvið skólahjúkrunarfræðings. Þurfi nemendur á lyfjagjöf að halda á skólatíma þá fer hún alltaf fram fyrir milligöngu skólahjúkrunarfræðings.

Telji forráðamenn að barn þeirra þurfi stuðning af einhverju tagi hafa þeir samband við umsjónarkennara sem vísar málinu til réttra aðila.

Námsráðgjöf

Í Grunnskóla Hornafjarðar er starfandi námsráðgjafi í 7. – 10. bekk. Nemendur geta leitað til hans með öll þau málefni sem liggja þeim á hjarta. Námsráðgjöfin er þjónusta fyrir nemendur skólans og fer fram í trúnaði.

Nemendur geta leitað til námsráðgjafans með málefni sem tengjast:

- náms- og starfsvali
- framhaldsnámi
- námsleiðum
- námstækni
- vinnubrögðum
- skipulagningu
- einbeitingu
- námsleiða
- námserfiðleikum
- prófkvíða.

Þeir geta líka leitað til námsráðgjafans ef:

- þeim líður illa í skólanum eða heima
- þeir eru einmana
- þeim er strítt
- þeir verða fyrir einelti
- þeir finna fyrir kvíða eða depurð
- þeir eiga í erfiðleikum með samskipti við fjölskylduna, kennarana eða bekkjarfélagana.

Námsráðgjafinn veitir meðal annars ráðgjöf varðandi:

- náms- og starfsval
- námstækni og vinnubrögð
- persónuleg mál.



Smiðjur og val

Nemendur fara á list- og verkgreinar nokkrum sinnum í viku og kallast það smiðjur. Í smiðjum er unnið í textíl, myndmennt, heimilisfræði, smíðum, tölvum og leiklist og fer það eftir aldri nemenda hvað í boði er og hversu mikið val nemendur hafa innan smiðjanna. Auk þess fá nemendur á unglingsstigi einn vaktíma í viku og eru viðfangsefni þá misjöfn, en almennt er skipt um val á átta vikna fresti. Nemendum í 10. bekk gefst kostur á að velja bóklegar greinar á framhaldsskólastigi, sú kennsla fer fram í FAS. Einnig gefst þeim kostur á að fá nám sitt við Tónskólann metið inn í valið.

Í 10. bekk fá nemendur kynningu á framhaldsnámi og fara auk þess í starfskynningar á ýmsa staði í sveitarfélaginu og kynnast þar ýmsum starfsmöguleikum sem eru í sveitarfélaginu. Náið samstarf hefur verið við ýmis fyrirtæki og stofnanir út af starfskynningunum en einnig hafa mörg fyrirtæki og stofnanir verið skólanum innan handar í starfsnámi einstakra nemenda.

Heimanám

Þótt mestur hluti námsins eigi sér stað í skólanum eru alltaf ákveðnir þættir sem þarf að þjálfra heima. Þar er lesturinn mikilvægastur. Flest börn þurfa mikla æfingu í lestri og mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í lestrarnámi barna sinna til að tryggja að skólagangan nýtist þeim sem skyldi. Auk lesturs eru ýmsir námsþættir þjálfaðir heima en lögð er áhersla á að heimanámið sé tengt vinnunni í skólanum.

Á www.mentor.is er hægt að nálgast heimavinnu- og námsáætlanir nemenda. Hver fjölskylda fær aðgangsröð þar sem hægt er að skoða áætlanir allra nemenda á heimilinu á sömu slóð. Lögð er áhersla á það í öllum árgöngum, að heimanám nemenda sé fært inn á www.mentor.is og námsáætlanir vetrarins séu einnig aðgengilegar þar. Í námsáætlun koma fram markmið námsins í hverri grein, kennsluefni og námsmat. Í námsáætlunum í 7. – 10. bekk er kveðið á um hvað áætlað er að vinna í hverri viku.

Nemendur eru einnig hvattir til að nota skipulagsbók þar sem þeir geta skráð inn hvað eina sem þeir telja að gagnist þeim í utanumhaldi varðandi skólagönguna.

Meðferð bóka

Flestar kennslubækur fá nemendur að láni (bækurnar eru eign skólans) og eru þær notaðar af nemendum ár eftir ár. Þess vegna er mikilvægt að vel sé farið með þær. Þessar bækur eru númeraðar og á hver nemandi í árgangi sitt númer og allar bækur hans eru með því númeri. Bækur sem nemendur fá til eignar eru verkefnabækur sem þeir vinna í auk þess sem allir nemendur fá gefins landabréfabók á skólaferlinum. Góðar skólatöskur sem fara vel með námsbækur og bak nemenda eru sjálfsögð eign hjá hverju barni. Í því sambandi má minna á að æskilegt er að þyngd skólatösku fari ekki yfir 10% af þyngd nemanda.

Ef nemendur týna eða eyðileggja gögn sem skólinn á, ber þeim að greiða fyrir þau.

Skólabókasafn

Skólabókasafninu er ætlað að sjá nemendum skólans fyrir efni til frjálislestrar sem og handbókum við hæfi og ítarefni varðandi það nám sem fram fer í skólanum. Bókasafnið er í báðum skólaláhúsum, Heppuskóla og Hafnarskóla og miðar bókakostur hvors húss við það aldursstig sem þar er. Bókasafnið í Hafnarskóla er opið bókasafn. Það er staðsett í opnu rými sem ekki er hægt að loka og læra nemendur að ganga um það um leið og þeir hefja skólagöngu. Bókasafnið í Heppuskóla er í einni skólastofunni. Það er alltaf opið frá 10 á morgnana og þar til skóla lýkur á daginn og fyrst á morgnana ef þörf er á.

Stefna skólans er að nemendur og starfsfólk hafi aðgang að vel búnu gagnasafni, þar sem þeir geta aflað sér heimilda í leik og starfi. Bókavörður tekur á móti nemendum og aðstoðar þá eftir þörfum. Einnig vinna nemendur ýmis verkefni tengd bókum eða velja sér bækur til að taka með heim. Skólinn á gott samstarf við Menningarmiðstöð Hornafjarðar, og eru foreldrar og nemendur hvattir til að nýta sér þjónustu Menningarmiðstöðvarinnar á Höfn.



Gögn sem nemendur þurfa að kaupa

Þrátt fyrir að nemendur fái kennslubækur í skólanum þá þurfa þeir að kaupa ýmis skólagögn s.s. blýanta, stílabækur og fleira. Lista yfir þau gögn sem nemendur þurfa að kaupa er hægt að nálgast á heimasíðu skólans <http://www2.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/innkaup/>. Mikilvægt er að foreldrar fylgist með því að nemendur hafi ávallt þau gögn sem til er ætlast í skólatöskunni því það getur valdið óþarfa raski á námi nemenda þegar nauðsynleg gögn vantar.

Símar, tölvur og tölvunotkun

Skólinn er vel tækjum búinn og eru bekkjarsett af fartölvum á hvoru skólastigi. Mikilvægt er að nemendur læri að nýta sér tölvur í námi og er unnið með þær í öllum árgöngum.

Í 1. – 6. bekk er nemendum ekki leyfilegt að koma með fartölvur í skólann.

Í 7. – 10. bekk mega nemendur koma með tölvur í skólann undir sérstökum kringumstæðum og með leyfi frá skólastjóra en tölvurnar eru þá á ábyrgð nemandans og ekki nettengdar.

Ekki er ætlast til þess að nemendur séu með síma, myndavélar eða önnur tæki í skólanum og tekur skólinn enga ábyrgð á slíkum tækjum.



Samræmd próf

Samræmd próf eru lögð fyrir þrisvar á grunnskólaferlinum í öllum íslenskum grunnskólum. Í byrjun 4. og 7. bekkjar er prófað í íslensku og stærðfræði og í byrjun 10. bekkjar er prófað í íslensku, stærðfræði og ensku. Litið er á samræmdu prófin sem greiningarpróf og eru þau notuð til að sjá hvar hægt er að gera betur. Í þessum bekkjum er reynt að láta prófin trufla almennt skólastarf sem minnst. Þó er lögð áhersla á að nemendur hafi fengið að taka sambærileg próf áður en farið er í samræmdu prófin sjálf.

Viðtöl og vitnisburður

Skólaárið er þrískipt. Haustönn lýkur í byrjun nóvember, vetrarönn í byrjun febrúar og með vorönn lýkur skólaárinu. Nemendur fá vitnisburð í lok hvernar annar og fylgja viðtöl við nemendur og foreldra í lok haust- og vetrarannar. Ferilmappa nemenda er notuð í vitnisburði nemenda en hún hefur að geyma ýmis gögn sem tengjast námsferli nemandans. Í tengslum við foreldraviðtölin vinna nemendur, foreldrar og kennarar leiðsagnarmat á rafrænan hátt á www.mentor.is. Með leiðsagnarmati koma nemendur að mati á náminu og gera áætlun um framhaldið. Þar kemur líka fram hvernig nemendum líður í skólanum og fleira sem nýtist til að gera skólagöngu nemenda sem árangursríkasta. Þannig getur leiðsagnarmatið nýst sem góður grunnur að foreldra- og nemendaviðtali og eykur möguleikana á samstarfi nemenda, foreldra og kennara. Á viðtalsdögum eru oft lagðar kannanir fyrir foreldra þar sem viðhorf þeirra til skólastarfsins er kannað. Þær niðurstöður eru síðan notaðar í stefnumótun skólans.

Kennarar hafa fastan viðtalstíma og er hann skráður á stundatöflu nemenda og á heimasíðu en foreldrum er velkomið að hafa samband hvenær sem er. Oftast er hægt að ná í skólastjórnendur á milli kl. 8:00 og 16:00.



Skólaasetning og kynningarfundir

Foreldrar og nemendur eru boðaðir til skólaasetningarviðtals hjá umsjónarkennara í upphafi skólaárs. Í þessu viðtölum geta foreldrar og nemendur rætt við umsjónarkennara sem mun m.a. fara yfir helstu atriði í skólastarfinu á komandi vetri, starfsáætlun, skólareglur og fleira sem tengist hverjum nemanda fyrir sig. Kynningarfundir þar sem fjallað er um sameiginleg mál hvers bekkjar eru síðan haldnir á fyrstu vikum skólaársins.

Útivistarreglur barna og unglunga

Í barnaverndarlögum segir m.a. um útivistartíma barna: Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00 nema þau séu á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Í barnaverndarlögum segir jafnframt að foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivistartíma og virði aldursmörk og annað í því sambandi.

Svefn og svefnþörf barna

Kennarar við Grunnskóla Hornafjarðar hvetja foreldra til að fara eftir útivistarreglum og minna á að svefnþörf barna í 1. - 10. bekk er 9 - 11 klst. á sólarhring. Þreytt og illa sofin börn eru ekki líkleg til að tileinka sér það sem fram fer í skólanum og mun líklega að þau finni til skólaleiða.





Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og er það samráðsvettvangur skólástjóra, kennara og foreldra um skólahlald auk þess sem fulltrúi nemenda á aðild að því í málum sem snerta nemendur beint. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólástjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra.

Hlutverk skólaráðs er meðal annars að fjalla um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Það getur veitt skólanum og skólafyrirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald og komið með tillögur til úrbóta. Á heimasíðu skólans má sjá hvaða fulltrúar skipa skólaráðið.

